



# R A N N V E G

Nefnd um rannsóknir í vegagerð

## FUNDARGERÐ

Tuttugasti og níundi fundur nefndar um rannsóknir á uppbyggingu vega, Rannveg, var haldinn hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, þriðjudaginn 23. janúar 2007 kl. 10:00.

Viðstaddir voru: Gunnar Bjarnason (G.Bj.), Halldór Torfason (H.T.), Haraldur Sigursteinsson (Ha.S.), Ingunn Sæmundsdóttir (I.S.), Pétur Pétursson (P.P.), Þorbjörg Hólmgeirsdóttir (Þ.H.), Þorgeir S. Helgason (Þ.S.H.), Þorsteinn Þorsteinsson (Þ.P.) og Þórir Ingason (Þ.I.).

Fjarverandi voru: Haukur Jónsson (H.Jó.), Ingvi Árnason (I.Á.), Jón Skúlason (J.S.), Lars Peter Jensen (L.P.J.), Sigurður Erlingsson (S.E.), Sigursteinn Hjartarson (S.Hj.), Sigþór Sigurðsson (S.S.) og Þorgeir Þorbjörnsson (Þo.Þ.)

Þetta gerðist:

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin var samþykkt.

### 2. Staða verkefna.

a) Eldri verkefni:		
1.	Niðurstöður slitmælinga 1998-2004. Verkefnið er í vinnslu og skýrsla kemur út í febrúar 2007.	Á.J.
2.	Rofvarnir og styrkingar jarðvegsfláa. Ekki er ljóst hver staðan á þessu verkefni er.	O.S.

Gunnar Bjarnason, [gbj@vegag.is](mailto:g bj@vegag.is)  
Halldór Torfason, [halldort@malbik.is](mailto:halldort@malbik.is)  
Haraldur Sigursteinsson, [has@vegag.is](mailto:has@vegag.is)  
Haukur Jónsson, [hjo@vegag.is](mailto:hjo@vegag.is)  
Ingunn Sæmundsdóttir, [ingunn@ru.is](mailto:ingunn@ru.is)  
Ingvi Árnason, [ia@vegag.is](mailto:ia@vegag.is)  
Jón Skúlason, [js@almenna.is](mailto:js@almenna.is)  
Lars Peter Jensen, [lars@colas.is](mailto:lars@colas.is)

Pétur Pétursson, [petur.p@rabygg.is](mailto:petur.p@rabygg.is)  
Sigurður Erlingsson, [sigger@hi.is](mailto:sigger@hi.is)  
Sigursteinn Hjartarson, [shj@vegag.is](mailto:shj@vegag.is)  
Sigþór Sigurðsson, [sigthor@colas.is](mailto:sigthor@colas.is)  
Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, [thh@honnun.is](mailto:thh@honnun.is)  
Þorgeir S. Helgason, [thorgeir.helgason@petromodel.is](mailto:thorgeir.helgason@petromodel.is)  
Þorgeir Þorbjörnsson, [thorgeir.thorbjornsson@reykjavik.is](mailto:thorgeir.thorbjornsson@reykjavik.is)  
Þorsteinn Þorsteinsson, [th@hi.is](mailto:th@hi.is)  
Þórir Ingason, [thorir.ingason@vegagerdin.is](mailto:thorir.ingason@vegagerdin.is)

3.	<i>Steinefni í vegagerð – mat á efniskröfum.</i> Vinna við verkefnið er í gangi og nýttist sem innlegg í leiðbeiningarit um efnisgerðir og efniskröfur og jafnframt sem kennsluefni. Til stendur að gefa út skýslu/fræðslugögn síðar á árinu. Ekki verður sótt um styrk til Rannsóknasjóðsins í ár. Gögn eru að safnast um þessar mundir.	G.Bj.
4.	<i>Þjöppun og þjöppunarmælingar fyllinga og burðarlaga með notkun þjöppumælis.</i> I.S. er í sambandi við O.S. um að klára þetta verkefni í tengslum við verkefnið <i>Mat á þjöppun fyllinga og burðarlaga</i> , með sameiginlegri skýrslu. I.S. og O.S. eru nú að klára verkefnið og skýrslan kemur út í byrjun febrúar.	O.S./Ha.S.

Hér að neðan er listi yfir verkefni sem eru á fagsviði Rannvegar og fengu styrk árið 2006.

<b>b) Ný verkefni og framhaldsverkefni 2006:</b>		
1.	<i>Áhrif salts á þreytuþol malbiks.</i> Verkefnið er langt komið, prófkjarnar með og án salts hafa verið keyrðir tvisvar (eftir mislanga vatnsmettun) í þríasaprófi og niðurstöðurnar benda ótvírætt til þess að greinilegur munur sé á kjörnum með söltu og ósöltu steinefni. Sótt verður um framhald á árinu 2007.	P.P.
2.	<i>Bikþeyta í klæðingar.</i> Hefðbundin skýrsla um útlögn, prófanir og ástand tilraunakafla kemur út nú í lok janúar. Jafnframt eru í vinnslu leiðbeiningar varðandi bikþeytu í klæðingu, að hluta byggðar á niðurstöðum tilrauna undanfarinna ára. Sótt verður um framhald á árinu 2007, líklega aðallega til að fylgjast með eldri köflum og halda áfram skrifum á leiðbeiningum.	I.Á.
3.	<i>Evrópustaðlar, þátttaka í CEN/TC 154 og TC 227.</i> P.P. og G.Bj. hafa sótt fundi hjá þeim nefndum sem til stóð samkvæmt áætlun. Þeir hafa skilað inn minnispunktum um fundina til Rannsóknasjóðs. Sótt verður um framhald á árinu 2007.	G.Bj./P.P.
5.	<i>Falllódsmælingar, Rosy og PCN.</i> Nýtt forrit hefur verið keypt til að prófa þessa keyrslu. Forritið er sem sagt komið og mælingar sem keyra á liggja fyrir. Verkefnið er í gangi, sótt verður um framhald á árinu 2007	Ha.S.
6.	<i>Festun með biki og sementi.</i> Verkefnið felst í úttæktum á köflum sem festir voru fyrir nokkrum árum. Vantar frekari upplýsingar.	S.Hj.
7.	<i>Flutningur á rannsóknaniðurstöðum í rannsóknakerfi.</i> Þ.S.H. hefur sent umsamin gögn frá sér. Verið er að safna og slá inn gögnum í rannsóknakerfi Vegagerðarinnar. Verður e.t.v. opið almenningi einhvern tímann í framtíðinni. Hugsanlegt að Rb fái aðgang að kerfinu til að slá rannsóknaniðurstöðum beint inn í kerfið.	G.Bj.
8.	<i>Hagnýting hrífimælinga með leisitækni.</i> Nánari upplýsingar vantar um verkefnið. Reiknað hafði verið með að skýrslu verði skilað, en óljóst um gang mála.	Valg.Kára.
9.	<i>Hagnýtir eiginleikar íslenskra jarðefna, leiðbeinandi gildi fyrir hönnuði.</i> Verkefnið er í vinnslu, en Nína BS-nemi skilaði skýrslu í	I.S.

	desember 2006. Það hefur komið á daginn eins og við var að búast að gagnasafnið er nokkuð götótt varðandi stakar efnisgerðir. Verkefnið var í fyrra skorið niður um helming. I.S. skrifar áfangaskýrslu í byrjun febrúar um það sem gert var 2006 og sækir síðan væntanlega um framhald til frekari prófana til að stoppa upp í götin.	
10.	<i>Klæðing með repjubiki (Raps Asphalt)</i> . Tilraunakaflar voru lagðir út í Þykkvabænum og á Austurlandi síðastliðið sumar og haust og tókust vel eftir því sem best er vitað. Verkefnið mun væntanlega halda áfram á árinu 2007.	S.Hj.
11.	<i>Kvörðun frostdýptarmæla út frá falllódsmælingum á vegum</i> . Ha.S. sagði að mælt hefði verið síðastliðinn vetur og framhald hafi verið á mælingum síðastliðið sumar. Skúli Þórðarson er með fjölda falllódsmælinga sem hann mun vinna með. Að öðru leyti er ekki er vitað um stöðu þessa verkefnis.	Nicolai
12.	<i>Lækkun hita við framleiðslu malbiks</i> . H.T. sagði að sýni til prófana eru í vinnslu á Rb. Áfangaskýrslum um fyrstu tvo áfangana hefur verið skilað til Rannsóknadeildar Vegagerðarinnar og lokaskýrsla verður gefin út í vor. Ekki er talið líklegt að sótt verði um framhald þessa verkefnis á þessum vettvangi, en ekki er útilokað að rannsóknum á þessu sviði verði haldið áfram.	S.Hj.
13.	<i>Mat á CPT-eiginleikum í mýri</i> . J.S. og Ha.S. hafa fundað og farið yfir gögn. Verkefnið er sem sagt í vinnslu og því lýkur á tilsettum tíma. Starfsmaður AV hefur komið að vinnslu verkefnisins. Komið er uppkast að lokaskýrslu sem mun koma út í febrúar.	Ha.S.
14.	<i>Mat á þjöppun fyllinga og burðarlaga, samanburður á smáfallóði og öðrum aðferðum</i> . Verkefnið tengist verkefni O.S. sem getið er um í lið a)4 hér að framan.	I.S.
15.	<i>NordFoU-Niðurbrot vega</i> . Verkefnið snýst um samnorrænt niðurbrotsmódel. Skýrsla um forverkefnið liggur nú fyrir. Aðalverkefnið fór í gang í vetur og búið að veita því fjármagn og vinna er hafin. Alþjóðleg ráðstefna um burðarþolshönnun og niðurbrot vega verður haldin 22. og 23. mars 2007 hérlendis, þar sem þetta verkefni verður m.a. kynnt. Vefslóðin er <a href="http://www.vegagerdin.is/nvf34.nsf">www.vegagerdin.is/nvf34.nsf</a> og eru allir hvattir til að skrá sig.	Ha.S.
16.	<i>Raki og burður vega</i> . Meistaragráðuverkefni (Helga Þórunn) um þetta verkefni hefur tekist mjög vel. MS ritgerð og skýrsla til Rannsóknasjóðs eru væntanlegar.	S.E.
17.	<i>Rannveg, nefnd um rannsóknir í vegagerð</i> . Verkefnið fékk fjárveitingu frá Rannsóknasjóði fyrir 2006.	G.Bj.
18.	<i>Roadex III, umferðarlitlir vegir á norðurslóðum</i> . Verkenið er í fullum gangi. Verið er að vinna skýrslur og hægt er að ná í gögn á <a href="http://www.roadex.org">www.roadex.org</a> . Ráðtsefna verður haldin hérlendis 21. september í ár þar sem niðurstöður verkefnisins verða kynntar.	Ha.S.
19.	<i>Saltblöndun malarlitlaga</i> . Verkefnið er farið í gang en vantar frekari upplýsingar.	Guðm.Rag.

20.	<i>Samanburður slitlagsefna á Vestfjörðum.</i> Verkefninu er lokið en áfangaskýrsla fyrir úttektir 2006 kemur út í febrúar 2007. Sótt verður um framhald fyrir 2007, en það var skilgreint síðasta ár verkefnisins.	G.R.K./P.P.
21.	<i>Smáfalllóð við eftirlit.</i> Stefnt er að því að auka gagnasafnið með breytilegum plötustærðum og álagi og skoða nánar. Sótt verður um framhald (flutning) fyrir árið 2007.	Ha.S.
22.	<i>Steinefnabanki.</i> Sótt voru viðbótarefni í ker af Reykjanesi. Alls eru nú til 6 stór sýni af hraun/bólstrabergsefnum af Reykjanesi sem ekki hafa verið prófuð ennþá. Væntanlega verða efnin prófuð og rannsökuð á þessu ári.	G.Bj.
23.	<i>Vatn í vegum (COST 351).</i> Þ.I. hefur tryggt verkefninu fjármagn, þannig að því lýkur með útkomu fræðibókar. Niðurstaðan verður kynnt á ráðstefnunni “Pavement and soils engineering” sem haldin verður í lok júní á þessu ári í Aþenu.	S.E.
24.	<i>Nákvæmneftirlit vegar - undirbúningur.</i> Heimildakönnun er lokið. Skýrsla með tillögum verður send til Vegagerðarinnar á tilsettum tíma. Ekki verður sótt um framhald á þessum vettvangi, en niðurstöður nýtast ef ákveðið verður að stofna til svona rannsóknarverkefnis í tengslum við stórt útboðsverk.	S.E./Þ.Þ.
25.	<i>Vegyfirborð við ristahlið.</i> Engar upplýsingar liggja fyrir.	Sæm.Kristj.
26.	<i>Vinnsla malarlitolaga.</i> Öllum tilraunum og prófunum er lokið. Drög að lokaskýrslu liggur fyrir og verður skilað í mars 2007.	G.Bj./Þ.H.
27.	<i>Þróun berggreiningakefis Rb.</i> Skýrsla kemur út alveg á næstunni með öllum niðurstöðum sem fengist hafa hingað til. Sótt verður um framhald á árinu 2007.	S.Á./P.P.

### 3. Verkefnahugmyndir fyrir 2007.

Ha.S. nefndi:

- Roadex
- NordFoU
- Falllóðsmælingar, Rosy og PCN (framhald)
- Smáfalllóð við eftirlit (framhald)

Þ.H. er með lista yfir verkefni á VGK-Hönnun (ekki víst að sótt verði um til Rannsóknasjóðs til allra verkefnanna):

- Lághitambik-notkun og hagkvæmni
- Öryggi gangandi vegfarenda á hringtorgum
- Merkingar á vinnusvæðum á stoðbrautakerfinu
- Svifryksbinding í plöntum
- Merkingar á hálendinu
- Hljóðgleyptni slitlaga
- Ramp-metering, stýring af afreinum inn á stofnbrautir

- Efnisnámur – framleiðsla – eftirlit – leyfisveitingar – skráning - upplýsingar um efnistökusvæði – forðaskráning

I.S. nefndi það sem rætt var áðan:

- Framhald á verkefni um hagnýta eiginleika ísl. jarðefna
- Eitthvað fleira gæti komið til greina frá RU, líklega þó ekki á mannvirkjasviðinu

H.T. verður ekki með frumkvæði að verkefnum en er tilbúinn að vera með í verkefnum sem aðrir skilgreina.

Þ.Þ. nefndi eftirfarandi:

- Útvíkkun á verkefni um samanburð á malbiki og klæðingu, en bæta nú steypu inn í það
- Samanburður milli landa á breiddum vegaxla

P.P. nefndi eftirfarandi:

- Þróun berggreiningakerfis, frh.
- Áhrif salts á malbik, frh.
- Malbik á þjóðvegum landsins, holrýmd, skrið, viðnám
- Viðloðunarkröfur fyrir malbik
- Festun burðarlaga með bikþeytu/froðubiki
- Endurskoðun á gæðaflokkun líparíts í berggreiningu
- Talning nagladekkja á þjóðvegum landsins
- Mæling á skriði með Wheel tracking og NAT

Þ.S.H. nefndi eftirfarandi:

- Gæðaflokkun berggreiningar og forritun til innsláttar á berggreiningum
- Þáttaka í CEN/TC 154/TG 11 með sérstöku tilliti til endurskoðunar á berggreiningastaðlinum

G.Bj. nefndi:

- Verkefni fyrir S.E. sem tengist malbiki, t.d. skrið vs. Holrýmd
- Notkun handtölvu til skráningar á upplýsingum við námuleit
- Leiðbeiningar við námuvinnsla
- Rannsóknir á þekktum steypuefnanámum
- G.Bj. er með fleiri verkefni á lista, en lét þetta duga að sinni.

#### **4. Nýjar nefndir Rannsóknasjóðs.**

Þ.I. sagði frá stofnun þriggja nýrra fagnefnda sem nefndar voru á síðasta fundi. Ákveðið hefur verið að nefndirnar verði skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar. Hann dreifði bréfi um starf fagnefndanna og sagði frá. Fagnefndirnar byrja að funda með vorinu, en auk þeirra verða kallaðir til utanaðkomandi aðilar af og til.

## 5. Önnur mál.

- Þ.S.H. spurði um NSG fundinn í Þrándheimi. Erindi hafa verið sett inn á heimasíðu PGL, en aðgang að þeim þarf að fá hjá Elisabeth Gammelsæter.
- Ráðstefna 22. og 23. mars á Grand Hótel, [www.vegagerdin.is/nvf34.nsf](http://www.vegagerdin.is/nvf34.nsf)
- Ráðtsefna verður haldin hérlendis 21. september, [www.roadex.org](http://www.roadex.org)
- Ráðstefna á fimmtudaginn kemur kl. 15-17 þar sem fjallað er um ferðir, búsetu og samgöngukerfi. Ókeypis, en menn verða að skrá sig á [www.stjr.is](http://www.stjr.is) og velja samgönguráðuneyti.

## 6. Næsti fundur.

Þetta er næstsíðasti fundur Rannvegar og því vaknar spurning um hvar og hvernig næsti og síðasti fundur verður. Þ.H. bauð nefndinni til VGK-Hönnunar og var það ákveðið. Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 2. mars árið 2007, kl. 15:00 hjá VGK-Hönnun.

Fleira gerðist ekki.

Pétur Pétursson



# RANNVEG

Nefnd um rannsóknir í vegagerð

## FUNDARGERÐ

Prítugasti fundur nefndar um rannsóknir á uppbyggingu vega, Rannveg, var haldinn hjá VGK-Hönnun, föstudaginn 2. febrúar 2007 kl. 15:00.

Viðstaddir voru: Gunnar Bjarnason (G.Bj.), Haraldur Sigursteinsson (Ha.S.), Ingunn Sæmundsdóttir (I.S.), Jón Skúlason (J.S.), Pétur Pétursson (P.P.), Sigursteinn Hjartarson (S.Hj.), Sigþór Sigurðsson (S.S.), Þorbjörg Hólmgeirsdóttir (Þ.H.), Þorgeir S. Helgason (Þ.S.H.), Þorsteinn Þorsteinsson (Þ.Þ.).

Fjarverandi voru: Halldór Torfason (H.T.), Haukur Jónsson (H.Jó.), Ingvi Árnason (I.Á.), Lars Peter Jensen (L.P.J.), Sigurður Erlingsson (S.E.), Þorgeir Þorbjörnsson (Þo.Þ.) og Þórir Ingason (Þ.I.).

**Þetta gerðist:**

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin var samþykkt.

### 2. Staða verkefna.

a) Eldri verkefni:		
1.	Niðurstöður slitmælinga 1998-2004. Verkefnið er í vinnslu og skýrsla kemur út í apríl 2007.	Á.J.
2.	Rofvarnir og styrkingar jarðvegsfláa. Ekki er ljóst hver staðan á þessu verkefni er.	O.S.

Gunnar Bjarnason, [gbj@vegag.is](mailto:g bj@vegag.is)  
Halldór Torfason, [halldort@malbik.is](mailto:halldort@malbik.is)  
Haraldur Sigursteinsson, [has@vegag.is](mailto:has@vegag.is)  
Haukur Jónsson, [hjo@vegag.is](mailto:hjo@vegag.is)  
Ingunn Sæmundsdóttir, [ingunn@ru.is](mailto:ingunn@ru.is)  
Ingvi Árnason, [ia@vegag.is](mailto:ia@vegag.is)  
Jón Skúlason, [js@almenna.is](mailto:js@almenna.is)  
Lars Peter Jensen, [lars@colas.is](mailto:lars@colas.is)

Pétur Pétursson, [petur.p@rabygg.is](mailto:petur.p@rabygg.is)  
Sigurður Erlingsson, [sigger@hi.is](mailto:sigger@hi.is)  
Sigursteinn Hjartarson, [shj@vegag.is](mailto:shj@vegag.is)  
Sigþór Sigurðsson, [sigthor@colas.is](mailto:sigthor@colas.is)  
Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, [thh@honnun.is](mailto:thh@honnun.is)  
Þorgeir S. Helgason, [thorgeir.helgason@petromodel.is](mailto:thorgeir.helgason@petromodel.is)  
Þorgeir Þorbjörnsson, [thorgeir.thorbjornsson@reykjavik.is](mailto:thorgeir.thorbjornsson@reykjavik.is)  
Þorsteinn Þorsteinsson, [th@hi.is](mailto:th@hi.is)  
Þórir Ingason, [thorir.ingason@vegagerdin.is](mailto:thorir.ingason@vegagerdin.is)

3.	<i>Steinefni í vegagerð – mat á efniskröfum.</i> Vinna við verkefnið er í gangi og nýtist sem innlegg í leiðbeiningarit um efnisgerðir og efniskröfur og jafnframt sem kennsluefni. Til stendur að gefa út skýslu/fræðslugögn síðar á árinu.	G.Bj.
4.	<i>Þjöppun og þjöppunarmælingar fyllinga og burðarlaga með notkun þjöppumælis.</i> I.S. er í sambandi við O.S. um að klára þetta verkefni í tengslum við verkefnið <i>Mat á þjöppun fyllinga og burðarlaga</i> , með sameiginlegri skýrslu. I.S. og O.S. eru nú að klára verkefnið og skýrslan kemur út í mars.	O.S./Ha.S.

Hér að neðan er listi yfir verkefni sem eru á fagsviði Rannveggar og fengu styrk árið 2006.

<b>b) Ný verkefni og framhaldsverkefni 2006:</b>		
1.	<i>Ahrif salts á þreytuþol malbiks.</i> Verkefnið er langt komið, allir prófkjarnar með og án salts hafa verið keyrðir í þríasaprófi og niðurstöðurnar benda ótvírætt til þess að greinilegur munur sé á kjörnum með söltu og ósöltu steinefni. Áfangaskýrsla kemur út í apríl. Framhald verður á árinu 2007.	P.P.
2.	<i>Bikþeyta í klæðingar.</i> Hefðbundin áfangaskýrsla um útlögn, prófanir og ástand tilraunakafla kemur út nú í mars. Framhald verður á árinu 2007, líklega aðallega til að fylgjast með eldri köflum.	I.Á.
3.	<i>Evrópustaðlar, þátttaka í CEN/TC 154 og TC 227.</i> P.P. og G.Bj. hafa sótt fundi hjá þeim nefndum sem til stóð samkvæmt áætlun. Þeir hafa skilað inn minnispunktum um fundina til Rannsóknasjóðs. Framhald verður á árinu 2007.	G.Bj./P.P.
4.	<i>Falllóðsmælingar, Rosy og PCN.</i> Nýtt forrit hefur verið notað til að prófa þessa keyrslu. Verkefnið er í gangi og sótt var um framhald á árinu 2007.	Ha.S.
5.	<i>Festun með biki og sementi.</i> Verkefnið felst í úttektum á köflum sem festir voru fyrir nokkrum árum. Allar úttektir hafa farið fram og skýrslugerð er vel á veg komin. Sótt var um framhald til falllóðsmælinga á árinu 2007.	S.Hj.
6.	<i>Flutningur á rannsóknaniðurstöðum í rannsóknakerfi.</i> Verið er að safna og slá inn gögnum í rannsóknakerfi Vegagerðarinnar, m.a. niðurstöðum prófana á steypuefni. Hugsanlegt að Rb fái aðgang að kerfinu til að vinna með gögn og slá niðurstöðum beint inn í kerfið. Framhald verður á árinu 2007.	G.Bj.
7.	<i>Hagnýting hrífimælinga með leisitækni.</i> Búið að mæla 2005 (660 km) og 2006 (1000 km) og áfangaskýrsla kemur út 2007. Niðurstöðurnar nýtast síðan inn í Rosy-kerfið. Sótt var um framhald á árinu 2007.	Valg.Kára.
8.	<i>Hagnýtir eiginleikar íslenskra jarðefna, leiðbeinandi gildi fyrir hönnuði.</i> I.S. skrifar áfangaskýrslu í mars um það sem gert var 2006.	I.S.
9.	<i>Klæðing með repjubiki (Raps Asphalt).</i> S.Hj. upplýsti að tilraunakaflar sem voru lagðir út síðastliðið sumar og haust hafi tekist vel. Sótt var um framhald á árinu 2007.	S.Hj.



10.	<i>Kvörðun frostdýptarmæla út frá falllódsmælingum á vegum.</i> Skúli Þórðarson er með fjölda falllódsmælinga sem hann mun vinna með. Aflað hefur verið frekari gagna, en að öðru leyti er ekki er vitað um stöðu þessa verkefnis.	Nicolai
11.	<i>Lækkun hita við framleiðslu malbiks.</i> S.Hj. sagði að sýni til prófana eru í vinnslu á Rb. Áfangaskýrslum um fyrstu tvo áfangana hefur verið skilað til Rannsóknadeildar Vegagerðarinnar og lokaskýrsla verður gefin út í vor. Sótt var um framhald á árinu 2007, þar sem m.a. verður prófað að nota repju í stað vax eða seolita í malbik.	S.Hj.
12.	<i>Mat á CPT-eiginleikum í mýri.</i> Verkefnið er í vinnslu og því lýkur á tilsettum tíma. Komið er uppkast að lokaskýrslu sem mun koma út í mars/apríl.	Ha.S.
13.	<i>Mat á þjöppun fyllinga og burðarlaga, samanburður á smáfallóði og öðrum aðferðum.</i> Verkefnið tengist verkefni O.S. sem getið er um í lið a)4 hér að framan.	I.S.
14.	<i>NordFoU-Niðurbrot vega.</i> Verkefnið snýst um samnorðent niðurbrotsmódel. Aðalverkefnið fór í gang í vetur og búið að veita því fjármagn og vinna er hafin. Alþjóðleg ráðstefna um burðarþolshönnun og niðurbrot vega verður haldin 22. og 23. mars 2007 hérlendis, þar sem þetta verkefni verður m.a. kynnt. Vefslóðin er <a href="http://www.vegagerdin.is/nvf34.nsf">www.vegagerdin.is/nvf34.nsf</a> og eru allir hvattir til að skrá sig.	Ha.S.
15.	<i>Raki og burður vega.</i> Meistaragráðuverkefni (Helga Þórunn) um þetta verkefni hefur tekist mjög vel. MS ritgerð og skýrsla til Rannsóknasjóðs eru væntanlegar.	S.E.
16.	<i>Rannveg, nefnd um rannsóknir í vegagerð.</i> Verkefnið fékk fjárveitingu frá Rannsóknasjóði fyrir 2006.	G.Bj.
17.	<i>Roadex III, umferðarlitir vegir á norðurslóðum.</i> Verkenið er í fullum gangi. Verið er að vinna skýrslur og hægt er að ná í gögn á <a href="http://www.roadex.org">www.roadex.org</a> . Ráðstefna verður haldin hérlendis 21. september í ár þar sem niðurstöður verkefnisins verða kynntar. Verkefninu lýkur formlega með ráðstefnunni hvað okkur varðar.	Ha.S.
18.	<i>Saltblöndun malarlitlaga.</i> Verkefnið er farið í gang og efnið hefur verið lagt út. Kaflarnir verða teknir út í vor og kemur skýrsla út í framhaldi af því.	Guðm.Rag.
19.	<i>Samanburður slitlagsefna á Vestfjörðum.</i> Áfangaskýrsla fyrir úttektir 2006 er komin út. Framhald verður á árinu 2007.	G.R.K./P.P.
20.	<i>Smáfalllód við eftirlit.</i> Stefnt er að því að auka gagnasafnið með breytilegum plötustærðum og álagi og skoða nánar. Sótt var um framhald (flutning) fyrir árið 2007.	Ha.S.
21.	<i>Steinefnabanki.</i> Nú eru 6 stór viðbótarsýni af hraun/bólstrabergsefnum af Reykjanesi sem ekki hafa verið prófuð ennþá í bankanum. Framhald verður á árinu 2007.	G.Bj.
22.	<i>Vatn í vegum (COST 351).</i> Verkefninu lýkur með útkomu fræðibókar. Niðurstaðan verður kynnt á ráðstefnunni "Pavement and soils engineering" sem haldin verður í lok júní á þessu ári í Aþenu.	S.E.

23.	<i>Nákvæmniseftirlit vegar - undirbúningur.</i> Heimildakönnun er lokið og skýrsla með tillögum verður send til Vegagerðarinnar á tilsettum tíma. Sótt var um framhald (flutning) fyrir árið 2007 og klárast verkefnið þá í vor.	S.E./P.P.
24.	<i>Vegyfirborð við ristahlið.</i> Engar upplýsingar liggja fyrir.	Sæm.Kristj.
25.	<i>Vinnsla malarlitolaga.</i> Öllum tilraunum og prófunum er lokið. Drög að lokaskýrslu liggja fyrir og verður skilað í mars 2007.	G.Bj./P.H.
26.	<i>Þróun berggreiningakefis Rb.</i> Áfangaskýrsla er komin út með öllum niðurstöðum sem fengist hafa hingað til. Framhald verður á árinu 2007.	S.Á./P.P.

### 3. Kynning VGK-Hönnun.

P.H. kynnti stofuna almennt og rannsóknastofuna sér í lagi. Hún dreifði kynningargögnum um rannsóknastofuna annars vegar og efnistöku og efnisvinnslu hins vegar. Fram kom meðal annars að rannsóknastofan býður upp á allar helstu rannsóknir á jarðefnum og steypu.

### 4. Önnur mál.

- P.P. sýndi nokkrar glærur með samantekt af störfum nefndarinnar frá upphafi og fram til dagsins í dag. Meðal annars kom fram að 21 fræðsluerindi hefur verið flutt á fundum Rannvegar. Fundarsókn hefur verið góð, en að meðaltali hafa um 9 manns sótt hvern fund og 6 verið fjarverandi.

### 5. Næsti fundur.

Fundi lauk með skoðunarferð um rannsóknastofu VGK-Hönnunar og glæsilegum veitingum í boði P.H. fyrir hönd fyrirtækisins. Auk nefndarmanna voru þar mætt m.a. Hreinn Haraldsson, Auður Andrésdóttir, Börge Wigum og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, auk starfsmanna rannsóknastofunnar.

Ekki var boðaður næsti fundur, þar sem þetta var síðasti fundur nefndarinnar. *Af því tilefni vilja formaður og ritari þakka nefndarmönnum fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á þeim 5 árum sem nefndin hefur starfað.*

Fleira gerðist ekki.

Pétur Pétursson